



Borgarráð

Reykjavík, 28. apríl 2026
MSS26040031

Viljayfirlýsing vegna þróunar Blikastaðalands

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagða viljayfirlýsingu um samstarf vegna framtíðarþróunar og skipulags á landi austan Korpúlfsstaða og árinna Korpu, að mörkum Reykjavíkur og Mosfellsbæjar.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:
Viljayfirlýsing vegna þróunar Blikastaðalands.

Viljayfirlýsing

um þróun og skipulag á landi austan Korpúlfsstaða

Fjármála- og efnahagsráðherra, félags- og húsnæðismálaráðherra, og borgarstjórinn í Reykjavík gera með sér eftirfarandi viljayfirlýsingu um samstarf vegna framtíðarþróunar og skipulags á landi austan Korpúlfsstaða og árinna Korpu, að mörkum Reykjavíkur og Mosfellsbæjar.

Yfirlýsingin tekur til 18,5 hektara eignarlands í eigu ríkissjóðs og um 1,5 hektara land í eigu Reykjavíkurborgar samtals um 20 hektara landsvæði, sbr. uppdrátt á fylgiskjali I.

Markmið yfirlýsingarinnar er að hraða uppbyggingu á þessu landi og auka framboð á lóðum til húsnæðis- og atvinnuuppbyggingar í Reykjavík m.a. til að stuðla að jafnvægi á húsnæðismarkaði.

Aðilar sammælast um að vinna sameiginlega að því að útfæra lykilforsendur fyrir framtíðarskipulag á þessu svæði, þá einkum áætlað byggingarmagn, hlutfall íbúðar- og atvinnuhúsnæðis, hæð húsa, samgöngutengingar og almenningsrými. Stefnt er að því að á reitnum verði að lágmarki um 400-600 íbúðir. Miðað verður við allt að 30% íbúða verði hagkvæmar íbúðir, þ.e. almennar íbúðir eða íbúðir sem uppfylla skilyrði hlutdeildarlána, aðrar leiguíbúðir, þ.m.t. stúdentaíbúðir, leiguíbúðir Félagsbústaða hf. og íbúðir fyrir aldraða, eða búseturéttaríbúðir húsnæðissamvinnufélaga að teknu tilliti til samningsmarkmiða Reykjavíkurborgar.

Aðilar tilnefna a.m.k. einn fulltrúa til að vinna að og framfylgja yfirlýsingu þessari.

Í kjölfar þess að lykilforsendur fyrir framtíðarskipulag liggja fyrir munu aðilar ganga til viðræðna un útfærslu á uppbyggingar- eða ábataskiptasamningi.

Viljayfirlýsing þessi er gerð í þremur eintökum, eitt fyrir hvern aðila.

Til staðfestu á framangreindu rita aðilar undir yfirlýsingu þessa.


Reykjavík 28. apríl 2026



Daði Már Kristófersson
fjármála- og efnahagsráðherra



Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri í Reykjavík



Ragnar Þór Ingólfsson
félags- og húsnæðismálaráðherra

Fylgiskjal 1

